

Ed.

308. Frumvarp til laga

[167. mál]

um breyting á lögum nr. 32 frá 9. jan. 1935, um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Flm.: Jón Árnason.

1. gr.

Aftan við 7. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar varðskip veitir íslenzku fiskiskipi hjálp úr háska, skal greiðsla fyrir hjálpina fara eftir reglum, er dómsmálaráðherra setur. Við ákvörðun gjaldsins skal miðað við útgerðarkostnað varðskipsins og tíma þann, er hjálpin tók. Teljist háski sá, sem fiskiskipið er í, stórkostlegur, svo sem eldsvoði eða strand, má þó krefjast björgunarlauna eftir reglum siglingalaganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 22. gr. laga nr. 61 frá 1947, um váttryggingarfélög fyrir fiskiskip, er svo ákveðið, að greiðsla fyrir hjálp, er skip, sem gerð eru út af ríkissjóði eða ríkisstofnunum, veita skipum, sem tryggð eru samkvæmt þeim lögum eða hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, skuli ekki fara eftir venjulegum björgunarreglum, heldur ákveðin af stjórn Samábyrgðarinnar, og skal greiðsla miðast við það fjártjón og tilkostnað, sem hjálpin hefur bakað þeim, er hana veitti.

Hjá bátaábyrgðarfélögunum eru naumast váttryggð önnur skip en þar er skylt að tryggja og eru minni en 100 brúttórumlestir. Hin stærri fiskiskip eru flest tryggð hjá einkaváttryggingarfélögum, sem njóta ekki hagsbóta af fyrrgreindum reglum. Hefur þetta valdið því, að tryggingar þessar hafa orðið nokkru dýrari en ella.

Ríkissjóður gerir út nokkur varðskip, sem sérstaklega eru byggð til þeirra nota, en þúin björgunartækjum. Þá gerir ríkissjóður út nokkur björgunarskip eða björgunarskútur, sem að verulegu leyti eru byggð fyrir samskotafé og ætluð aðallega til öryggiseftirlits með skipum og bátum og björgunarstarfsemi á ákveðnum hafsvæðum. Þessi skip eru einnig notuð til gæzlu fiskveiðilandhelginnar.

Þegar litið er til þessa, virðist ekki rétt, að ríkissjóður krefji um björgunarlaun eftir reglum siglingalaganna, þegar þessi skip veita íslenzku fiskiskipi hjálp í háska.

Í frumvarpi þessu er því lagt til, að dómsmálaráðherra ákveði með reglugerð, hver sé hæfileg þóknun fyrir aðstoð, er þessi skip veiti, og virðist eðlilegt, að það sé miðað við rekstrarkostnað hvers skips á hverja klukkustund, og mundi þá hjálpargjaldið fara eftir því, hvaða skip hjálpina veitti og hve langan tíma hún tók.

Ef um stórkostlega hættu er að ræða fyrir skip það, sem í háska er, svo sem eldsvoða um borð eða strand, virðist ekki ástæða til að víkja frá reglum siglingalaganna um björgun og bjarglaun.

Geta má þess, að erlendis er það föst venja, að skip, sem hafa björgunarstarfsemi að atvinnu, taki fyrir hjálp sína tímakaup, en ekki bjarglaun samkvæmt ákvæðum siglingalaganna.